

REGLUGERÐ

104

27. okt.

um loftskeytastöðvar á skipum með tilliti til öryggis mannlífa á sjónum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 82, 14. nóv. 1917 um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi og lögum nr. 58, 14. júní 1929 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, shr. 20. gr. tilskipunar nr. 43, 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Hvert farþegaskip, stórt eða lítið, og hvert vöruskip, sem er 1600 tonn brúttó eða þar yfir, sem notað er í siglingum milli Íslands og annara landa, skal hafa loftskeytastöð, er fullnægir ákvæðum 3.—9. gr., nema þau hafi fengið undanþágu frá því samkv. 2. gr.

Auk ákvæðanna í þessari reglugerð skulu stöðvarnar hlíta hinni almennu reglugerð um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, sem er skilyrði fyrir leyfisbréfi stöðvanna.

2. gr.

Undanþágu frá ákvæðum 1. gr. getur atvinnumálaráðherra veitt þegar alveg sérstaklega stendur á, þegar um skip er að ræða, sem annars er ekki notað til siglinga milli landa.

3. gr.

Hvert farþegaskip, sem er 5000 tonn brúttó eða þar yfir, skal hafa miðunar-tæki, er landssímastjóri tekur gild.

4. gr.

Loftskeytastöðin skal sett í efsta hluta skipsins, verði því við komið, og þar sem hún er öruggust í sjávarháska.

Það skal vera fullnægjandi samband milli stjórnþalls og loftskeytaklefa og miðunartækisins, með talpípu, talsíma eða því.

Í loftskeytaklefa skal vera ábyggileg klukka með sekúnduvísi, og þar skal vera varalýsing, sem er óháð aðalraflögn skipsins.

Loftskeytastöðin skal vera aðalstöð og varastöð. Ef aðalstöðin fullnægir kröfum þeim, er gerðar eru til varastöðvarinnar, er sérstök varastöð ekki nauðsynleg.

Aðalstöð og varastöð skulu vera þannig gerðar, að hægt sé að senda og taka við raföldum með þeim tíðnum (öldulengdum) og öldutegundum, sem eru fyrirskipaðar í alþjóðaloftskeytareglugerðinni fyrir neyðarviðskipti og siglingaöryggi skips, sem er skylt að hafa loftskeytastöð samkvæmt þessari reglugerð.

104

27. okt.

Tóntíðni aðalsendis og varasendis skal vera minnst 100 rið/sek.

Aðalsendir skal vera svo stór að hann dragi að minnsta kosti 100 sjómilur¹⁾ milli skipa, og er þá gert ráð fyrir að tekið sé við með krystalsviðtæki án magnara. Á stöðinni skal ávallt vera nægileg orka fyrir hendi til þess að tryggja þetta langdrægi undir venjulegum skilyrðum.

Varastöðin skal hafa sérstakan aflgjafa, sem er óháður aðalvél skipsins eða aðalraflögn þess. Skal vera hægt að ræsa varastöðina mjög fljótt og að starfrækja hana í a. m. k. 6 stundir.

Krystalslangdrægi varasendis skal vera 80 sjómilur fyrir skip, sem eiga að hafa stöðugan vörð, en minnst 50 sjómilur fyrir önnur skip.

5. gr.

Viðtækin skulu þannig gerð, að þau, auk skipaviðskiptanna, geti einnig tekið við tímamerkjum og veðurfréttum. Ennfremur skal viðtaka með krystalli án magnara vera möguleg.

Öldusvið aðalviðtækis skal vera 545—2400 m. og krystaltækis 545—1100 m., nema skipið sigli til annara heimsálfa, en þá skal öldusvið aðalviðtækis vera 545—20000 m.

6. gr.

Í skipum, þar sem vörður er haldinn með sjálfvirkum vekjaratækjum, skal vera áhald, er gefur glögg merki bæði í klefa loftskeytamannsins og á stjórn-palli, og sem á að vinna óslitið frá því viðtækið varð fyrir vekjaramerki eða neyðarmerki og þar til einhver stöðvar það. Það skal aðeins vera einn rofi til þess að stöðva vekjarann, og hann á að vera í loftskeytaklefanum.

Ekki má nota önnur sjálfvirk vekjaratæki en þau, er landssímastjóri hefir löggilt til þessara afnota.

7. gr.

Ekki má nota önnur loftskeyta-miðunartæki en þau, er landssímastjóri hefir löggilt til þeirra afnota.

8. gr.

Fullkomin straumrásateikning af loftskeytastöðinni og ítarleg lýsing eða leiðarvisir yfir alla hluti hennar skal vera til á staðnum, og straumrásateikning aðalsendis og varasendis skal upphengd á vegg í myndaumgerð.

9. gr.

Ávallt skal vera nægilegt af varahlutum fyrir hendi, svo og verkfæri til minni háttar viðgerða, og skal halda efnisbók yfir allt efni stöðvarinnar. Nauðsynlegir varahlutir teljast:

Varalampar fyrir hverja tegund, sem notuð er í viðtækjum eða sendi. Varaheyrnartól, varaburstar í vélar, öryggi, loftnetseinangrarar, loftnetsvír, einangraður vír, neistabrautir o. þvl.

1) Fyrst um sinn er reiknað með að sendir með 60 m-amp. við 500 rið/sek. dragi 100 sjómilur.
45 m-amp. við 500 rið/sek. dragi 80 sjómilur.
25 m-amp. við 500 rið/sek. dragi 50 sjómilur.

Nauðsynleg verkfæri teljast:

Hnifar, flatkjafta og bittöng, skrúffjárn, finfjöl og sandpappír, voltmælir 0—6 og 0—120 volt, vaselin, sýrumælir, smurningsolia og feiti, lóðbolti og tin, raflausn og eimað vatn fyrir rafgeyma, rykbursti til þess að hreinsa tækin, vir- og einangrunarband.

104

27. okt.

10. gr.

Hvert skip, sem er skylt að hafa loftskeytastöð samkv. 1. gr., skal hafa um borð a. m. k. einn hæfan loftskeytamann, er hefir öðlzt loftskeytamannsskirteini landssímans. Á meðan skipið er á hafinu, skal halda vörð með loftskeytamanni eða með sjálfvirku vekjaratæki eða með hlustverði, er hefir fengið starfsskirteini útgefið af landssímastjóra. Á farþegaskipum, sem eru 3000 tonn brúttó eða þar yfir, og á vöruskipum, sem eru 5500 tonn brúttó eða þar yfir, skal halda stöðugan vörð.

Á farþegaskipum, sem eru minni en 3000 tonn brúttó, og á vöruskipum, sem eru 3000—5500 tonn brúttó, skal halda vörð a. m. k. 8 stundir á sólarhring.

Varðtími vöruskipa, sem eru minni en 3000 tonn brúttó, fer eftir ákvörðun viðkomandi skipstjóra.

Í skipum, sem eru á siglingu, og sem hafa sjálfvirkt vekjaratæki, skal það ávallt geta starfað, þegar loftskeytamaður eða hlustvörður er ekki á verði.

11. gr.

Í skipum, þar sem vörður er haldinn með sjálfvirku vekjaratæki, skal loftskeytamaður, í hvert skipti er hann fer af verði og a. m. k. einu sinni á hverjum 24 stundum, prófa hvort það er í fullkomnu lagi. Hann skal þvínæst tilkynna skipstjóra eða þeim stýrimanni, sem hefir vörð á stjórnþalli, að það sé í lagi, og ber að geta þess í dagbók skipsins og dagbók loftskeytastöðvarinnar.

Ef vekjaratækið er í ólagi, þegar skipið er á siglingu, skal skipstjóri þegar fyrirskipa hæfilega varðþjónustu á meðan, og skal þeirrar varðþjónustu getið í dagbók skipsins.

12. gr.

Á meðan skipið er á siglingu, skal loftskeytamaður daglega fullvissa sig um að aðalsendir og varasendir séu í lagi og sömuleiðis aflgjafi varasendis.

13. gr.

Í hverju skipi, sem hefir loftskeytastöð samkv. 1. gr., skal haldin loftskeytagdagbók, sem skal geymd í loftskeytaklefanum. Í þessa dagbók skal rita nöfn loftskeytamanna eða hlustvarða, sem halda vörð, svo og þá viðburði eða þau atvik, er fyrir kunna að koma í sambandi við loftskeytaþjónustuna, og sem kunna að geta varðað öryggi mannslífa á sjónum. Sérstaklega skal rita ítarlega um öll neyðarköll og neyðarviðskipti.

14. gr.

Loftskeytaþjónustan er undir yfirumsjón skipstjórans eða þess, er kemur í hans stað, sem af þeirri ástæðu er bundinn þagnarskyldu um viðskipti og háður sömu lögum um það og símritarar landssímans.

104 Sami maður getur ekki verið skipstjóri og loftskeytamaður í senn, nema
27. okt. sérstök undanþága hafi verið veitt til þess af landssímastjóranum í einstöku tilfelli.

15. gr.

Þegar loftskeytataeki hafa verið sett upp eða þeim breytt, skulu þau skoðuð af eftirlitsmanni landssímans. Ný skoðun verður að fara fram í hvert skipti, sem loftskeytaöryggisvottorð skipsins er endurnýjað.

16. gr.

Fyrir hvert skip, er fellur undir þessa reglugerð, skal að aflokinni skoðun, gefið út loftskeytaöryggisvottorð, ef loftskeytastöðin hefir fullnægt ákvæðum reglugerðarinnar að dómi eftirlitsmanns. Vottorðið er á íslenzku og ensku og gildir í 12 mánuði. Skal geyma það um borð, og sýna það viðkomandi yfirvöldum, á Íslandi eða utanlands, ef þau krefjast þess. Sama gildir um undanþáguvottorð.

Ef loftskeytastöð er ekki haldið vel við eða starfræksla hennar er ófullnægjandi, getur landssímastjóri afturkallað öryggisvottorðið, svo og ef hinum almennu reglum fyrir leyfisbréfi loftskeytastöðvarinnar er ekki fullnægt.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sömu hegningu og brot á lögum nr. 82, 14. nóv. 1917 um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi og á lögum nr. 58, 14. júní 1929 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Ef loftskeytastöð í skipi, sem fellur undir 1. gr., er í þannig ásigkomulagi, eða þannig starfrækt, að starfræksla hennar virðist vart framkvæmanleg, getur skipið átt á hættu að verða haldið eftir, samkv. 1. og 4. gr. laga nr. 58, 14. júní 1929.

18. gr.

Þessi reglugerð gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.